

Sjálfsmatsskýrsla
Menntaskólans í Reykjavík
2014 - 2015

Gæðastjóri

Eydís Ýr Guðmundsdóttir

Efnisyfirlit

1.	Inngangur	1
1.1	Stefnuskrá, markmið og leiðir	1
2.	Sjálfsmat	3
2.1	Síðastliðin ár	3
2.2	Sjálfsmat Menntaskólans í Reykjavík 2014- 2015	3
2.2.1	Samantekt jólaþróa	3
2.2.2	Kennslukönnun	4
2.2.3	Starfsfólk líðan, þarfir og starfsandi	10
2.2.4	Starfendarannsóknir.....	12
2.2.5	Samstarf heimila og skóla.....	13
2.2.6	Viðmót og menning skóla.....	14
2.2.7	Umbótaáætlun	16
2.3	Annað	18
3.	Lokaorð	18

1. Inngangur

Samkvæmt lögum um framhaldsskóla nr. 92/2008 ber hverjum skóla að meta skólastarfið með skipulögðum og markvissum hætti. Tilgangurinn með matinu er stuðla að metnaðarfullri og markvissri framþróun í starfsemi skólans með langtíma ávinning að leiðarljósi. Með skólastarfinu er átt við stjórnun skólasamfélagsins, kennslu og aðra þjónustu innan skólans en einnig ytri tengsl við önnur skólastig og nærsamfélagið. Enn fremur er leitast við að gera skólastarfið sýnilegra fyrir foreldra og aðra hlutaðeigandi.

Sjálfsmatsskýrslur MR fyrir sex síðastliðin ár má kynna sér á heimasíðu skólans. Árlega er sett fram skipulögð rammaáætlun um þá þætti skólastarfsins sem metnir verði næstu fimm árin. Kannanir og rannsóknir eru framkvæmdar, niðurstöður greindar, aðgerðir til úrbóta eru lagðar fram og þeim fylgt eftir með aðgerðaáætlun.

Að sjálfsgöðu sýnir sjálfsmatsskýrslan aðeins hluta af öllu því starfi sem fer fram innan veggja skólans en árlegt sjálfsmat gerir starfsfólki kleift að sjá svart á hvítu það sem vel er gert og einnig það sem miður fer. Þá er hægt að finna leiðir til úrbóta og gera skólann betri.

Í Menntaskólanum í Reykjavík er gæðanefnd skipuð rektor, konrektor, fulltrúum fagstjóra, kennslustjóra og gæðastjóra. Tveir þeir síðast töldu skipuleggja og stýra sjálfsmati skólans.

1.1 Stefnuskrá, markmið og leiðir

Menntaskólinn kappkostar að undirbúa nemendur fyrir þátttöku í lýðræðislegu samfélagi, efla þroska þeirra og gagnrýna hugsun, umburðarlyndi og víðsýni. Stuðlað er að því að nemendur taki ábyrga afstöðu til jafnréttis, mannréttinda og umhverfismála og einnig er leitast við að gera nemendur meðvitaða um ábyrgð allra á sjálfbærum lifnaðarháttum.

Skólinn er bóknámsskóli og því er aðalmarkmið skólans að nemendur séu vel undirbúnir til að takast á við háskólanám hvort heldur er innanlands eða utan að loknu stúdentsprófi.

Með markvissri kennslu, miklum en raunsæjum kröfum og öguðum vinnubrögðum leitast skólinn við að gera nemendum ljóst sambandið milli árangurs og erfiðis og í náminu eru þjálfuð jafnt sjálfstæð vinnubrögð sem og samvinna.

Menntaskólinn í Reykjavík leggur kapp á að kynna nemendum sínum menningarverðmæti á sviði bókmennta, erlendra tungumála og lista, innlendra jafnt sem erlendra, og leitast við að gera þeim kleift að taka virkan þátt í margvíslegu menningarstarfi. Skólinn leggur áherslu á vísindalæsi nemenda og hefur vel útbúna aðstöðu til verklegrar þjálfunar á því sviði.

Með fræðslu sinni, kröfum og handleiðslu vill skólinn efla þekkingarleit nemenda og gera þá virka og áhugasama um áframhaldandi menntun, um leið og hann leitast við að efla heilbrigða dómgreind og verðmætamat nemenda sinna. Menntaskólinn í Reykjavík leggur einnig áherslu á að nemendur nýti sér þá miklu möguleika sem upplýsingatæknin býður upp á.

Skólinn mun einnig á markvissan hátt leitast við að gera nemendur sína vel búna undir virka þátttöku í þjóðfélaginu og efla ábyrgðarkennd þeirra gagnvart einstaklingum, fjölskyldu og samfélagi sem og að kynna fyrir þeim kröfur daglegs lífs og vinnumarkaðarins, atvinnuhætti, samfélagsskipan svo og fjármálaskyldur, einstaklingskyldur og réttindi.

Í fjölbreyttu félagsstarfi leitast skólinn við að efla félagsþroska og jafnréttisvitund nemendanna. Þar fá þeir tækifæri til þess að bera margvíslega ábyrgð, taka sjálfstæðar ákvarðanir, vinna saman, uppgötva, þroska, efla og nýta ótal hæfileika, sýna umburðarlyndi og skilning og láta skoðanir sínar í ljósi.

Menntaskólinn í Reykjavík leggur áherslu á heilbriggt lífni og vinnur í anda heilsueflandi framhaldsskóla í samvinnu við embætti landlæknis. Markmiðið er að stuðla markvisst að líkamlegu og andlegu heilbrigði nemendanna. Boðið er upp á fræðslu og námskeið til að stuðla að bættri sjálfsmýnd og mótuneyti nemanda býður upp á hollan mat í hádeginu.

Hlutverk Menntaskólans í Reykjavík, samkvæmt skólasamningi við mennta- og menningarmálaráðuneytið, er að bjóða upp á bóklegt nám til stúdentsprófs á tveimur námsbrautum, mála- og náttúrufræðibraut.

Í samræmi við þann samning hefur skólinn kappkostað að aðstoða nemendur við ástundun náms og tekið virkan þátt í því verkefni að sporna gegn brottfalli. Þar má nefna aukna námsráðgjöf, öflugt starf umsjónarkennara og framboð. Þetta framtak hefur tekist afar vel og teljast brottfallsnemendur skólans vera á bilinu 0-1% samkvæmt skilgreiningu Hagstofunnar en í meðfylgjandi töflu kemur fram hversu mjög námsframvinda nemenda skólans hefur batnað á undanförunum árum:

Haust	Innritun	Fjöldi í vorpróf	Fall á prófum	%	Hætta í MR eða falla á árinu	%
2000	749	727	80	11,00%	102	13,60%
2001	747	712	62	8,70%	97	13,00%
2002	779	757	88	11,60%	110	14,10%
2003	814	785	47	6,00%	76	9,30%
2004	840	826	53	6,40%	67	8,00%
2005	850	825	23	2,80%	48	5,60%
2006	865	852	65	7,60%	78	9,00%
2007	877	861	45	5,20%	61	7,00%
2008	853	845	41	4,90%	49	5,70%
2009	908	891	44	4,90%	58	6,40%
2010	876	863	47	5,40%	60	6,85%
2011	894	863	47	5,40%	78	8,72%
2012	919	910	54	5,90%	63	6,86%
2013	897	867	44	5,07%	74	8,25%
2014	903	877	42	4,79%	68	7,53%
2015	873					

Í upphafi skólaárs 2014-15 voru innritaðir nemendur 903, þar af voru 165 eða 18% á málabraut og 738 eða 82% á náttúrufræðibraut. Þetta er svipuð skipting og undanfarin ár. Kynjaskipting er stúlkunum í vil en við skólann voru 56% nemenda stúlkur og 44% piltar. Í vor voru 176 stúdentar brautskráðir frá skólanum.

Skólaárið 2014-15 voru starfsmenn skólans 96, þar af 78 kennarar, 3 yfirstjórnendur (þeir sinntu einnig kennslu), 1 skrifstofustjóri, 2 námsráðgjafar, 1 bókasafnsfræðingur, 2 á skrifstofu, 1 umsjónarmaður fasteigna, 1 með umsjón viðhalds, 1 með umsjón mótuneytis, 2 hjúkrunarfræðingar, 2 með sérverkefni (umsjón heimasíðu og umsjón með námskerfi) og 6 með ræstingar. Kynjaskipting var nokkuð jöfn í starfsmannahópnum, 53 konur og 43 karlar.

Menntunarstig kennara er hátt en 4 þeirra eru með doktorspróf og 42 með meistaraþróf. Allir kennarar eru með kennsluréttindi nema 13 einstaklingar sem kenndu 6 tíma eða færri á viku og þá venjulega valgreinar.

2. Sjálfsmat


2.1 Síðstliðin ár

Á síðastliðnum árum hefur sjálfsmat MR verið í stöðugri þróun. Ákveðnir matsþættir fara fram á hverju ári. Þessir þættir eru samantektir á niðurstöðum jólaþrófa og rafræn kennslukönnun, sem tekur ekki aðeins fyrir kennslu, kennsluhætti og námsefni, heldur einnig aðra þætti úr starfi skólans og eru efnistöð þess hluta könnunarinnar breytileg á milli ára. Skólaárið 2014-2015 snéri hún að stjórn skólans og þjónustusviði og einnig að tómsundavinnu nemenda. Starfendakannanir eru gerðar reglulega og skólaárið 2014-2015 gerði tölfræðikennari ásamt nemendum í 5. bekk könnun er laut að líðan nemenda, heimanámi, ofl. Undanfarin ár hafa rafrænar viðhorfskannanir verið sendar til forráðamanna nýnema og nemenda í 4. bekk. Í febrúar 2015 var eingöngu send könnun til foreldra nýnema. Þegar rannsóknir þessar voru undirbúnar var stuðst við ákveðið vinnuferli, sett niður starfsteymi til að velja hæfilegar matsspurningar. Sett voru viðmið og gögnin síðan greind og túlkuð. Þess er gætt að líta til veikra og ekki síður sterkra hliða niðurstöðu könnunar. Loks er umbótaáætlun sett fram þar sem þurfa þykir.

2.2 Sjálfsmat Menntaskólans í Reykjavík 2014 - 2015

2.2.1 Samantekt jólaþrófa

Niðurstöður jólaþrófa voru teknar saman og kynntar á kennarafundi í janúar.



Niðurstöðurnar gera stjórnendum og kennurum kleift að bera saman bekk í einstökum greinum, greinar hjá einstökum bekkjum og jafnvel bera saman niðurstöður og fall miðað við fyrri ár. Umsjónarkennarar notuðu svo niðurstöður jólaþrófa og samantektina þegar þeir tóku einstaklingsviðtöl við umsjónarnemendur sína. Viðtölin eru framkvæmd a.m.k. einu sinni á

misseri og á vormisseri er jólaprófsárangur nemenda sérstaklega skoðaður en þá er þeim, sem ekki hefur gengið sem skyldi, veitt sérstök ráðgjöf og reynt að beina þeim á rétta braut. Kennarar innan greina hittast reglulega og fara yfir námsaðferðir, námsgögn, próf, ræða árangur einstakra nemenda og finna leiðir til úrbóta. Sem dæmi um úrbætur má nefna aukátíma og stoðtíma í ýmsum greinum auk stoðkerfis fyrir nemendur með lestrarörðugleika, kvíðaröskun og nemendur sem hafa annað móðurmál en íslensku.

2.2.2 Kennslukönnun

Í apríl 2015 var gerð kennslukönnun meðal nemenda skólans. Síðastliðin fjögur ár hefur könnunin verið gerð rafrænt og var sami háttur hafður á að þessu sinni. Könnunin er viðhorfskönnun og er í þremur hlutum. Sá fyrsti snýr að kennslu og viðhorfi til kennara en annar að stjórn skólans og þjónustusviði. Sú könnun var lögð fyrir í apríl 2014 en vegna galla í framsetningu var hún ekki marktæk og var því lögð fyrir aftur í apríl 2015. Í þriðja lagi voru lagðar fyrir fimm spurningar til að kanna frístundavinnu nemenda.

Niðurstöður kennslukönnunar

Eftirfarandi töflur sýna svör nemenda við spurningum í könnunarinnar. Einnig gáfu nemendur kennurum sínum einkunn á skalanum 1 til 10.

Fjöldi þátttakenda í I. hluta könnunarinnar var 622 sem er 70,76% svarhlutfall.

Samantekt viðhorfskönnunar í I. hluta kennslukönnunar er svohljóðandi:

Samantekt um kennara	Mjög góður	Frekar góður	Í meðallagi	Frekar slæmur	Mjög slæmur	Fjöldi
Hvernig er undirbúningur kennarans fyrir kennslustundir?	2766	1041	560	195	87	4649
	Mjög vel	Frekar vel	Í meðallagi	Frekar illa	Mjög illa	Fjöldi
Hversu vel útskýrir kennarinn námsefnið?	2383	1032	695	315	222	4813
Hvernig bregst kennarinn við spurningum um námsefnið?	2866	883	530	225	137	4641
	Mjög ánægð(ur)	Frekar ánægður	Í meðallagi	Frekar óánægð(ur)	Mjög óánægð(ur)	Fjöldi
Ertu ánægð(ur) með samskiptin við kennarann?	2479	1001	670	291	186	4627
	Mjög vel	Frekar vel	Í meðallagi	Frekar illa	Mjög illa	Fjöldi
Tekst kennaranum að virkja nemendur í kennslustundum?	1726	1223	965	451	268	4633
Tekst kennaranum að halda uppi góðum aga í bekknum?	1940	1385	859	316	135	4635

	Mjög oft	Frekar oft	Í meðallagi	Frekar sjaldan	Mjög sjaldan	Fjöldi
Skráir kennarinn skyndipróf og stærri verkefni á Korkinn á Námsnetinu?	2151	646	780	174	524	4275
Birtir kennarinn einkunnir fyrir skyndipróf og stærri verkefni á Námsnetinu?	1172	464	898	322	1344	4200
	Alltof mikið	Of mikið	Hæfilegt	Ekki nógu mikið	Alltof lítið	Fjöldi
Finnst þér vinnuálagið í námsgreininni vera of mikið eða of lítið?	233	655	3388	258	75	4609
	Mikil	Hæfileg	Of lítil	Alltof lítil	Engin	Fjöldi
Tengsl heimavinnu við námsefnið eru:	1871	2159	191	56	210	4487
Samtals	19587	10489	9536	2603	3188	45403

Við nánari samantekt á framangreindri viðhorfskönnun kemur eftirfarandi í ljós:

- 81% telja undirbúning kennarans fyrir kennslustundir mjög góðan eða frekar góðan en 12% telja hann vera í meðallagi góðan.
- 73% telja kennarann útskýra námsefnið mjög vel eða frekar vel en 15% telja útskýringar vera í meðallagi góðar.
- 81% eru telja kennarann bregðast mjög vel eða frekar vel við spurningum um námsefnið en 11% telja hann bregðast í meðallagi vel við.
- 76% eru mjög ánægð eða frekar ánægð með samskiptin við kennarann en 14% eru í meðallagi ánægð.
- 63% telja að kennaranum takist mjög vel eða frekar vel að virkja nemendur í kennslustundum en 21% telja að það takist í meðallagi.
- 72% telja að kennaranum takist mjög vel eða frekar vel að halda uppi góðum aga í bekknum en 19% telja að það takist í meðallagi.
- 65% eru telja að kennarinn skrái mjög oft eða frekar oft skyndipróf og stærri verkefni á Korkinn á Námsnetinu en 18% telja að það takist í meðallagi.
- 39% telja að kennarinn birti mjög oft eða frekar oft einkunnir fyrir skyndipróf og stærri verkefni á Námsnetinu, 21% telja að það takist í meðallagi en 40% telja kennarann gera það frekar sjaldan eða mjög sjaldan.
- 19% telja vinnuálag í viðkomandi grein vera alltof mikið eða of mikið, 74% telja það hæfilegt en 8 % telja það ekki nógu mikið eða alltof lítið.
- 90% telja tengsl heimavinnu við námsefnið vera mikil eða hæfileg.

Af þessari samantekt má sjá að meirihluti nemenda er mjög ánægður eða ánægður með kennara sína og nám almennt. Útkoman er svipuð og síðastliðið ár og er nokkurn vegin samkvæmt viðmiði sem var að æskilegt væri að 90% nemenda væru mjög ánægðir, ánægðir og í meðallagi ánægðir með verklag kennara sinna.

Eins og á síðasta ári eru liðir 7 og 8 sem þarfnast frekari athugunar.

- 65% telja kennara skrá mjög oft eða frekar oft skyndipróf og stærri verkefni á Korkinn á Námsnetinu en 18% telja að það takist í meðallagi.
- 39% telja kennara birta mjög oft eða frekar oft einkunnir á Námsnetinu en 21% telja að það sé í meðallagi.

Svo virðist sem Námsnetið sé ekki nógu mikið notað af kennurum þrátt fyrir að gæðastjóri hafi haldið fund með öllum fagstjórum og rektor sendi ítrekað póst á alla kennara. Þar þarf að bæta um betur. (Sjá lið 2.2.7 Umbótaáætlun).

Nemendur gáfu kennurum sínum einkunn á bilinu 1-10. Meðaltal einkunna var **8,18**.

27 kennarar eða 33,75% fengu ágætiseinkunn.

38 kennarar eða 47,5% fengu I. einkunn.

9 kennarar eða 11,25% fengu II. einkunn.

5 kennarar eða 6,25% fengu III. einkunn.

1 kennari eða 1,25% fékk falleinkunn.

Viðmiðið var að 80% kennara fengu ágætis eða I. einkunn og er því marki náð.

Í II. hluta könnunarinnar Stjórn skólans og þjónustusvið var sami háttur hafður á og í I. hlutanum. Sama könnunin var lögð fyrir 2014 en hún var því miður gölluð þannig að ákveðið var að leggja hana aftur fyrir 2015.

Fjöldi þátttakenda í II hluta könnunarinnar Stjórn skólans og þjónustusvið var 418 nemendur. Niðurstöður eru svohljóðandi:

	Já	Nei				Fjöldi
Hefur þú leitað til hjúkrunarfræðings?	145	265				410
	Mjög vel	Frekar vel	Í meðallagi vel	Frekar illa	Mjög illa	Fjöldi
Hvernig nýttist þér heimsóknin?	86	37	19	5	3	150
	Mjög gott	Frekar gott	Í meðallagi gott	Frekar slæmt	Mjög slæmt	Fjöldi
Hvernig var viðmót hjúkrunarfræðings?	110	29	5	2	0	146
	Já	Nei				Fjöldi
Hefur þú notað þjónustu bókasafnsins?	366	43				409
	Mjög vel	Frekar vel	Í meðallagi vel	Frekar illa	Mjög illa	Fjöldi
Hvernig hentar afgreiðslutími bókasafnsins þér?	130	149	70	17	5	371
	Mjög vel	Frekar vel	Í meðallagi vel	Frekar illa	Mjög illa	Fjöldi
Hvernig nýttist þér þjónusta bókasafnsins?	237	100	27	2	1	367
	Mjög gott	Frekar gott	Í meðallagi gott	Frekar slæmt	Mjög slæmt	Fjöldi
Hvernig var viðmót starfsmanna bókasafnsins?	258	85	24	0	1	368

	Já	Nei				Fjöldi
Hefur þú leitað til námsráðgjafa?	192	216				408
	Mjög vel	Frekar vel	Í meðallagi vel	Frekar illa	Mjög illa	Fjöldi
Hvernig gekk þér að ná fundi námsráðgjafa?	127	46	12	6	2	193
	Mjög góð	Frekar góð	Í meðallagi góð	Frekar slæm	Mjög slæm	Fjöldi
Hvernig finnst þér staðsetning á skrifstofu námsráðgjafa?	96	49	37	8	3	193
	Mjög vel	Frekar vel	Í meðallagi vel	Frekar illa	Mjög illa	Fjöldi
Hvernig nýttist þér heimsóknin ?	92	55	33	9	3	192
	Mjög gott	Frekar gott	Í meðallagi gott	Frekar slæmt	Mjög slæmt	Fjöldi
Hvernig var viðmót námsráðgjafa?	146	31	10	5	0	192
	Já	Nei				Fjöldi
Hefur þú nýtt þér þjónustu kakólands?	391	12				406
	Mjög gott	Frekar gott	Í meðallagi gott	Frekar slæmt	Mjög slæmt	Fjöldi
Hvernig fannst þér það fæði sem boðið er uppá í Kakólandi	161	143	80	13	2	399
	Mjög góð	Frekar góð	Í meðallagi góð	Frekar slæm	Mjög slæm	Fjöldi
Hvernig fannst þér þjónusta Kakólands?	313	71	7	3	1	395
	Mjög gott	Frekar gott	Í meðallagi gott	Frekar slæmt	Mjög slæmt	Fjöldi
Hvernig fannst þér viðmót starfsmanna Kakólands?	332	56	6	2	0	396
	Já	Nei				Fjöldi
Hefur þú nýtt þér þjónustu skrifstofu skólans?	386	22				408
	Mjög góð	Frekar góð	Í meðallagi góð	Frekar slæm	Mjög slæm	Fjöldi
Hvernig fannst þér þjónustan á skrifstofu skólans:	228	126	34	1	0	389
	Mjög gott	Frekar gott	Í meðallagi gott	Frekar slæmt	Mjög slæmt	Fjöldi
Hvernig fannst þér viðmót starfsmanna á skrifstofu skólans?	234	106	39	10	0	389
	Já	Nei				Fjöldi
Hefur þú leitað til	176	231				407

húsvarðar skólans?						
	Mjög gott	Frekar gott	Í meðallagi gott	Frekar slæmt	Mjög slæmt	Fjöldi
Hvernig fannst þér viðmót húsvarðar?	102	54	16	5	2	179
	Já	Nei				Fjöldi
Hefur þú leitað til kennslustjóra?	86	320				406
	Mjög vel	Frekar vel	Í meðallagi vel	Frekar illa	Mjög illa	Fjöldi
Hvernig gekk þér að ná fundi kennslustjóra?	64	16	10	1	1	92
	Mjög vel	Frekar vel	Í meðallagi vel	Frekar illa	Mjög illa	Fjöldi
Hvernig nýttist þér heimsóknin?	72	14	5	0	1	92
	Mjög gott	Frekar gott	Í meðallagi gott	Frekar slæmt	Mjög slæmt	Fjöldi
Hvernig var viðmót kennslustjóra?	83	2	5	1	0	91
	Já	Nei				Fjöldi
Hefur þú leitað til konrektors?	121	280				401
	Mjög vel	Frekar vel	Í meðallagi vel	Frekar illa	Mjög illa	Fjöldi
Hvernig gekk þér að ná fundi konrektors?	85	32	8	0	0	125
	Mjög vel	Frekar vel	Í meðallagi vel	Frekar illa	Mjög illa	Fjöldi
Hvernig nýttist þér heimsóknin	91	21	10	2	1	125
	Mjög gott	Frekar gott	Í meðallagi gott	Frekar slæmt	Mjög slæmt	Fjöldi
Hvernig var viðmót konrektors?	85	25	10	3	2	125
	Já	Nei				Fjöldi
Hefur þú leitað til rektors?	90	312				402
	Mjög vel	Frekar vel	Í meðallagi vel	Frekar illa	Mjög illa	Fjöldi
Hvernig gekk þér ná fundi rektors?	62	24	6	0	1	93
	Mjög vel	Frekar vel	Í meðallagi vel	Frekar illa	Mjög illa	Fjöldi
Hvernig nýttist þér heimsóknin?	65	19	6	1	1	92
	Mjög gott	Frekar gott	Í meðallagi gott	Frekar slæmt	Mjög slæmt	Fjöldi
Hvernig var viðmót rektors?	70	14	5	2	1	92

Við nánari samantekt á framangreindri könnun kemur eftirfarandi í ljós:

1. **Spurningar varðandi hjúkrunarfræðing.**

95% svarenda töldu að heimsókn til hjúkrunarfræðings hefði nýst mjög vel, frekar vel eða í meðallagi vel.

98% svarenda töldu að viðmót hjúkrunarfræðings væri mjög gott, frekar gott eða í meðallagi gott.

2. **Spurningar varðandi bókasafn.**

94% svarenda töldu opnunartíma bókasafnsins henta mjög vel, frekar vel eða í meðallagi vel.

99% svarenda töldu að þjónusta safnsins hefði nýst þeim mjög vel, frekar vel eða í meðallagi vel.

100% svarenda töldu viðmót starfsmanna bókasafnsins vera mjög gott, frekar gott eða í meðallagi gott.

3. **Spurningar varðandi námsráðgjafa.**

96% svarenda töldu að mjög vel, frekar vel eða í meðallagi vel hefði gengið að ná fundi námsráðgjafa.

94% svarenda töldu staðsetningu á skrifstofu námsráðgjafa vera mjög góða, frekar góða eða í meðallagi góða og 94% telja heimsóknina hafa nýst þeim mjög vel, frekar vel eða í meðallagi vel.

97% svarenda töldu viðmót námsráðgjafa vera mjög gott, frekar gott eða í meðallagi gott.

4. **Spurningar varðandi Kakóland**

86% svarenda telja fæðið vera mjög gott, frekar gott eða í meðallagi gott.

99% svarenda telja þjónustuna vera mjög góða, frekar góða eða í meðallagi góða og 100% telja viðmót starfsmanna Kakólands vera mjög gott, frekar gott eða í meðallagi gott.

5. **Spurningar varðandi skrifstofu skólans.**

100% svarenda telja þjónustu á skrifstofu skólans vera mjög góða, frekar góða eða í meðallagi góða og 97% telja viðmót starfsmanna skrifstofunnar vera mjög gott, frekar gott eða í meðallagi gott.

6. **Spurning varðandi húsvörð.**

96% svarenda telja viðmót húsvarðar mjög gott, frekar gott eða í meðallagi gott.

7. **Spurningar varðandi kennslustjóra.**

98% svarenda telja að mjög vel, frekar vel eða í meðallagi vel hafi gengið að ná fundi kennslustjóra. 98% telja að heimsóknin hafi nýst mjög vel, frekar vel eða í meðallagi vel og 98% töldu viðmót kennslustjóra hafa verið mjög gott, frekar gott eða í meðallagi gott.

8. **Spurningar varðandi konrektor.**

100% svarenda töldu að mjög vel, frekar vel eða í meðallagi vel hefði gengið að ná fundi konrektors, 98% töldu heimsóknina hafa nýst mjög vel, frekar vel eða í meðallagi vel og 96% telja að viðmót konrektors hafi verið mjög gott, frekar gott eða í meðallagi gott.

9. **Spurningar varðandi rektor.**

99% svarenda telja að mjög vel, frekar vel eða í meðallagi vel hafi gengið að ná fundi rektors, 99% telja að heimsóknin hafi nýst þeim mjög vel, frekar vel eða í meðallagi vel og 96% töldu að viðmót rektors hafi verið mjög gott, frekar gott eða í meðallagi gott.

Af þessari samantekt má ráða að flestir nemendur eru ánægðir með stjórn og þjónustusvið skólans og er það í samræmi við viðmið sem var 90%.

Í III. hluta könnunarinnar var frístundavinna nemenda athuguð. Tilgangur könnunarinnar var að fá grófa mynd af því hvernig nemendur verja frístundum sínum.

Fimm spurningar voru lagðar fyrir og svöruðu 432 nemendur.

	Nei	1-5 klst á viku	6-10 klst. á viku	11-20 klst. á viku	21 klst. eða meira	Tóku ekki afstöðu
1) Stundar þú tómsundastarfi utan skólans?	226	97	48	40	14	0
2) Stundar þú annað nám utan skólans?	374	42	4	5	3	0
3) Stundar þú listnám utan skólans	334	60	14	13	3	0
4) Stundar þú íþróttir utan skólans	167	109	82	56	12	0
5) Stundar þú vinnu utan skóla og ef svo er hve margar stundir á viku?	231	67	78	47	6	0

Í ljós kom að rúmlega helmingur svarenda eða 53% sögðust ekki stunda neina tómsundavinnu utan skóla. 47% stunda tómsundir, nám, íþróttir eða vinnu. Einungis 13% þeirra stunda annað nám utan skólans en 61% stundar íþróttir utan skóla og 46% stundar vinnu utan skóla.

Samkvæmt þessari könnun stundar tæplega helmingur nemenda aðra iðju meðfram námi og hefur því gæðanefnd hug á að kanna betur áhrif íþróttaiðkunar og vinnu utan skóla á nám næsta vetur.

2.2.3 Starfsfólk líðan, þarfir og starfsandi

Viðhorfskönnun starfsfólks við Menntaskólann í Reykjavík.

Líðan kennara, starfsandi og samstarf skiptir miklu máli í almennu skólastarfi. Eins og árið 2014 var í febrúar 2015 lögð sama könnun fyrir kennara skólans þar sem þessi atriði voru könnuð. Eins og þá var stuðst við forritið Questionpro.com. Könnunin var opin í þrjár vikur, 44 kennarar tóku þátt eða 88%.

	Mjög sammála	Fremur sammála	Fremur ósammála	Mjög ósammála	Svara ekki
1. Styð stefnumörkun skólans með bóknám í bekkjarkerfi.	81.40%	18.60	0%	0%	0%
2. Er í góðu samstarfi innan þess þjónustusviðs/deildar þar sem ég vinn.	58.14%	39.53%	2.33%	0%	0%
3. Hef góð tengsl við nemendur skólans.	53.49%	44.19%	0%	0%	2.33%
4. Hef tækifæri til að taka þátt í mótun framfara innan skólans.	27.91%	37.21%	16.28%	6.98%	11.63%
5. Finn fyrir hvatningu til þátttöku við gerð námskrár.	26.19%	30.95%	21.43%	7.14%	14.29%
6. Tek þátt í félagslífi starfsmanna svo sem ferðalögum og skemmtunum.	26.19%	52.38%	21.43%	0%	0%
7. Er sátt(ur) við fyrirkomulag vinnutímans.	58.14%	34.88%	4.65%	2.33%	0%
8. Álag í starfi er hæfilegt.	20.93	32.56%	30.23%	16.28	0%
9. Er ánægð(ur) í starfi mínu.	51.16%	48.84%	0%	0%	0%

Við nánari samantekt á framangreindri könnun kemur eftirfarandi í ljós:

1. Styð stefnumörkun skólans með bóknám í bekkjarkerfi.

Niðurstaða: 100% voru mjög sammála, eða fremur sammála.

2. Er í góðu samstarfi innan þess þjónustusviðs/deildar þar sem ég vinn.

Niðurstaða: 97.7% voru mjög sammála eða fremur sammála en 2.3% voru fremur ósammála.

3. Hef góð tengsl við nemendur skólans.

Niðurstaða: 97.7% voru mjög sammála eða fremur sammála. 2.3% svöruðu ekki spurningunni.

4. Hef tækifæri til að taka þátt í mótun framfara innan skólans/deildarinnar.

Niðurstaða: 65.1% voru mjög sammála eða fremur sammála. 23.3% voru fremur eða mjög ósammála og 11.6% svöruðu ekki spurningunni.

5. Finn fyrir hvatningu til þátttöku við gerð skólanámskrár.

Niðurstaða: 57.1% voru mjög sammála eða fremur sammála. 28.6% voru fremur eða mjög ósammála og 14.3% svöruðu ekki spurningunni.

6. Tek þátt í félagslífi starfsmanna svo sem ferðalögum og skemmtunum.

Niðurstaða: 78.6% voru mjög sammála eða fremur sammála. 21.4% voru fremur eða mjög ósammála.

7. Er sátt(ur) við fyrirkomulag vinnutímans.

Niðurstaða: 93% voru mjög sammála eða fremur sammála. 7% voru fremur eða mjög ósammála.

8. Álag í starfi er hæfilegt.

Niðurstaða: 53.5% voru mjög sammála eða fremur sammála. 46.5% voru fremur eða mjög ósammála.

9. Er ánægð(ur) í starfi mínu.

Niðurstaða: 100% voru mjög sammála eða fremur sammála.

Ef nánar er rýnt í niðurstöður sést að þær eru svipaðar og árið 2014. Allir þeir sem svöruðu könnuninni (100%) eru ánægðir með bekkjarkerfið og yfir 90% eru í góðu sambandi við samstarfsmenn innan sinna deilda og nemendur. Þeir eru sáttir við fyrirkomulag vinnutíma og eru almennt ánægðir í starfi (100%) og er það í samræmi við viðmið sem var 90% (spurningar 1,2,3,7 og 9).

Eins og í fyrri könnun eru ekki jafn margir sammála þegar kemur að mótun framfara, þátttöku við gerð skólanámskrár og félagslífi, þá koma fram tölur frá 57,1% – 78.6% (Spurningar 4, 5 og 6). Haustið 2014 var öllum kennurum MR boðið til vinnufundar í Reykholti í Borgarfirði þar sem þessi atriði voru sérstaklega rædd og unnið var í hópum að nýrri skólanámskrá. Þátttaka var mjög góð og sáu 45 manns sér fært að mæta.

Rétt rúmlega helmingur kennara, eða 53,5% telur álag í starfi hæfilegt en 46,5% telja það vera of mikið (spurning 8). Þarna kemur aftur fram allmikill munur á viðhorfi til álags og verður þetta atriði kannað nánar á næsta ári.

Viðmið var 90% og náðist ekki í þessum fjórum liðum.

2.2.4 Starfendarannsóknir

Veturinn 2014-2015 lét tölvufræðikennari nemendur í 5.AB í máladeild gera einfalt tölvifræðiverkefni sem fólst í því að semja nokkrar spurningar um innra starf skólans og leggja fyrir samnemendur sína.

Spurningarnar voru: 1. Hvernig líður þér í MR? 2. Hversu miklum tíma eyðir þú í heimavinnu? 3. Finnst þér það bæta námsárangur þinn að sinna heimanáminu? 4. Finnst þér að það eigi að leggja niður dönskukennslu í framhaldsskólum? 5. Mun þeim sem eru vel menntaðir í latínu vegna betur í lífinu en öðrum?

Könnunin var lögð fyrir 97 nemendur og unnu nemendur í 5.AB skýrslu úr henni. Nemendur sem svöruðu voru úr þremur 5. bekkjum, einum þriðja bekk og einum sjötta bekk.

Enda þótt könnunin sé ekki mjög vísindaleg gefa svörin til kynna skoðanir nemenda á þessum þáttum skólastarfsins. Sumir nemendur sögðust svara þessari könnun samnemenda sinna af meiri samviskusemi en öðrum könnunum sem lögð eru fyrir þau.

Niðurstöður voru eftirfarandi:

1. 91% nemenda líður mjög vel, frekar vel eða hvorki vel né illa.
2. 93% nemenda verja á bilinu 0,5-4 klst. á dag í heimanám.
3. 85% eru nokkuð sammála og mjög sammála því að heimanám bæti árangur.
4. 51% eru frekar ósammála eða mjög ósammála því að leggja niður dönskukennslu í framhaldsskóla. 20 manns hafa ekki skoðun en 29% eru mjög sammála eða frekar sammála.
5. 43% nemenda eru frekar eða mjög ósammála. 30% hafa ekki skoðun en 25% er mjög eða frekar sammála og 2% skiluðu auðu.

2.2.5 Samstarf heimila og skóla

Viðhorfskönnun forráðamanna nemenda í 3. bekk

Samstarf heimila og skóla er mikilvægur hlekkur í skólastarfinu. Einn liður í því samstarfi eru svokallaðar viðhorfskannanir forráðamanna nemenda þar sem stuðst er við forritið Questionpro.com. Könnunin fór að þessu sinni fram í febrúar 2014 og var send til allra forráðamanna nýnema skólans í 3. bekk. Könnunin var opin í einn mánuð og þá kom í ljós að 164 eða 92% forráðamanna 3. bekkjar nemenda höfðu svarað könnuninni.

	Mjög sammála	Sammála	Ósammála	Mjög ósammála	Veit ekki		
1. Námið við Menntaskólann í Reykjavík hefur verið í samræmi við væntingar mínar.	38.41%	54.27%	4.88%	1.22%	1.22%		
	Nei	Já, til hins betra	Já til hins verra				
2. Viðhorf mitt til Menntaskólans í Reykjavík hefur breyst eftir að nemandinn hóf nám við skólann.	64.63%	28.66%	6.71%				
	Of mikið	Hæfilegt	Of lítið	Veit ekki			
3. Mér finnst vinnuálag í skólanum vera:	47.56%	46.95%	0.6%	4.88%			
	Mjög sammála	Sammála	Ósammála	Mjög ósammála	Veit ekki		
4. Nemandanum líður vel í Menntaskólanum í Reykjavík.	44.79%	47.85%	5.52%	1.84%	0%		
5. Samskipti nemandans og umsjónarkennara hafa verið góð.	46.34%	45.12%	0.61%	0%	7.93%		
6. Mér finnst félagslíf í skólanum taka of mikinn tíma frá námi nemandans.	1.22%	2.44%	70.73%	19.51%	6.10%		
	Of mikil	Mikil	Frekar mikil	Frekar lítil	Lítill	Engin	Veit ekki
7. Mig grunar að áfengisneysla í félagslífi nemenda Menntaskólans í Reykjavík sé	13.41%	4.88%	37.80%	14.63%	7.32%	0.61%	21.34%
	Mjög sammála	Sammála	Ósammála	Mjög ósammála	Veit ekki		
8. Mér finnst forvarnamálum vel sinnt í skólanum.	13.50%	47.85%	9.20%	0.61%	28.83%		
	Alltaf	Oft	Sjaldan	Aldrei	Veit ekki		
9. Ég les bréf sem skólinn sendir forráðamönnum nemenda fyrir dansleiki og aðrar upptökur sem skólinn stendur fyrir.	93.29%	5.49%	0.61%	0%	0.61%		
	Aldrei	Sjaldan	Oft	Alltaf	Veit ekki		
10. Leyfir þú eftirlitslaus «partý»?	88.41%	5.49%	0.61%	1.22%	4.27%		

Við nánari samantekt á framangreindri könnun kemur eftirfarandi í ljós:

1. Námið í Menntaskólanum í Reykjavík hefur verið í samræmi við væntingar mínar.
Niðurstaða: 93% voru mjög sammála eða sammála. (88% árið 2013)
2. Viðhorf mitt til Menntaskólans í Reykjavík hefur breyst eftir að nemandinn hóf nám við skólann.
Niðurstaða: 65,5% svöruðu neitandi. Af þeim sem svöruðu að viðhorf þeirra til MR hefði breyst, svöruðu 28,5% að breytingin væri til hins betra. (60% - 30% árið 2013)
3. Mér finnst vinnuálag í skólanum vera:
Niðurstaða: 47 % töldu vinnuálagið vera hæfilegt en 47,5% töldu það vera of mikið. (54%-46% árið 2013)
4. Nemandanum líður vel í Menntaskólanum í Reykjavík.
Niðurstaða: 93% voru mjög sammála eða sammála. (sama niðurstaða og árið 2013)
5. Samskipti nemandans og umsjónarkennara hafa verið góð.
Niðurstaða: 91.5% voru mjög sammála eða sammála. (84% árið 2013)
6. Mér finnst félagslíf í skólanum taka of mikinn tíma frá námi nemandans.
Niðurstaða: 90% voru mjög ósammála eða ósammála. (87% árið 2013)
7. Mig grunar að áfengisneysla í félagslífi nemenda Menntaskólans í Reykjavík sé:
Niðurstaða: 56% svöruðu of miklil, mikil eða frekar mikil, 22,5% töldu hana frekar litla, litla eða enga og 21,5% töldu sig ekki vita svarið. (56%, 19%, 25% árið 2013)
8. Mér finnst forvarnamálum vel sinnt í skólanum.
Niðurstaða: 61,5% voru mjög sammála eða sammála. 10% voru mjög ósammála eða ósammála og 29% töldu sig ekki vita svarið. (52%, 13%, 35% árið 2013)
9. Ég les bréf sem skólinn sendir forráðamönnum nemenda fyrir dansleiki og aðrar upptökur sem skólinn stendur fyrir.
Niðurstaða: 93.5% svöruðu með alltaf og 5.5% svöruðu með oft. (90%, 9% árið 2013)
10. Leyfir þú eftirlitslaus „partý“?
Niðurstaða: 88.5% svöruðu með aldrei og 5.5% með sjaldan. (90%, 7% árið 2013)

Ef bornar eru saman niðurstöður frá síðustu könnun 2012 (tölur í sviga á eftir niðurstöðum) og 2015 koma í ljós breytingar til hins betra.

Á undanförunum árum hefur samstarf heimilis og skóla verið eftt til muna. Í byrjun hvers skólaárs er haldin kynningarfundur fyrir aðstandendur nýnema. Foreldrar og skólinn vinna saman að því að gera nemendur sem hæfasta til að stunda námið og allir leggjast á eitt við að efla sjálfstraust og stuðla að vellíðan nemenda í námi og leik.

2.2.6 Viðmót og menning skóla

Á undanförunum árum hefur samstarf milli skólans og grunnskóla verið eftt. Haldnar eru námskynningar á vormisseri fyrir grunnskólanemendur á Stór-Reykjavíkursvæðinu og opið hús þar sem foreldrum og tilvonandi nemendum gefst kostur á að skoða skólann, kynnast námsframboði, félagslífi nemenda og ræða við kennara og nemendur.

Einnig er árlega er haldin í skólanum stærðfræðikeppni fyrir grunnskólanemendur til að efla áhuga nemenda á stærðfræði og efla tengsl stærðfræðikennara skólans við stærðfræðikennara í grunnskólum.

Nemendur annarra framhaldsskóla hafa sótt nám við skólann í ýmsum greinum sem ekki eru kenndar við þeirra skóla. Má þar til dæmis nefna grísku, latínu, fornfræði og málvísindi.

Við Menntaskólann í Reykjavík er öflugt móttökunet og stoðkerfi til staðar fyrir alla nýnema skólans og foreldra þeirra. Í byrjun hvers skólaárs er forráðamönnum nýnema boðið í Ráðhús Reykjavíkur þar sem stjórn skólans og forsvarsmenn skólafélaganna kynna starf vetrarins. Að fundi loknum fara umsjónarkennarar nýnema með foreldra og nemendur í heimastofur nemenda í MR. Námsráðgjafar, hjúkrunarfræðingar, forvarnarfulltrúar og félagsmálafulltrúar ganga í stofur og kynna sitt starf og nám og reglur skólans eru kynntar. Fundurinn var að þessu sinni haldinn þann 1. september að kvöldi dags og voru gestir rúmlega 300 talsins. Starfandi er foreldrafélag við skólann og er það elsta foreldrafélag framhaldsskólanema á Stór-Reykjavíkursvæðinu. Hafa fulltrúar þess stutt skólann og tekið virkan þátt í mótun félagslífs nemenda ásamt forvarnarfulltrúum, kennurum og nemendum sjálfum.

Í skólanum leggjast starfsmenn á eitt við að aðstoða nemendur í daglegu starfi. Hér eru starfandi tveir námsráðgjafar, hjúkrunarfræðingur, bókasafnsfræðingur, skrifstofufólk, húsvörður og kennarar.

Í samræmi við skólasamning milli Menntaskólans í Reykjavík og mennta- og menningarráðuneyti rekur skólinn öfluga stoðþjónustu. Auk starfsemi hjúkrunarfræðinga og námsráðgjafa er boðið upp á ýmis konar stoðtíma til að aðstoða nemendur við að ná betri árangur í námi. Nemendum standa til boða stoðtímar í þeim námsgreinum þar sem flestir þurfa aðstoð svo sem í íslensku, stærðfræði, efna- og eðlisfræði og latínu. Um langt skeið hefur verið boðið upp á lengri prófatíma fyrir nemendur með lesröskun, kvíðaraskanir, athyglisbrest og fleira og hafa þeir ásamt nemendum sem hafa annað móðurmál fengið námskeið við sitt hæfi. Einnig er boðið upp á aukatíma í stærðfræði fyrir nemendur sem hafa sérstakan áhuga á þrautalausnum.

Í Menntaskólanum í Reykjavík er lögð rík áhersla á menningu og listir. Kennd eru fjölmörg tungumál við skólann sem liður í að opna nemendum alþjóðlegan og fjölskrúðugan menningarheim en auk hinna hefðbundnu tungumála, dönsku, ensku, frönsku, spænsku og þýsku eru kennd latína og gríska. Þess má einnig geta að japanska, rússneska og hebreska hafa verið kenndar við skólann. Farið er í heimsóknir til annarra landa. Veturinn 2014-15 fóru nemendur í fornmáladeild til Rómar, nemendur fóru í menningarferð til Berlínar og enskuval fór í menningarferð til London og Oxford. Kennarar fóru í skólaheimsókn til Skotlands þar sem skólakerfið á háskóla- og framhaldsskólastigi var skoðað.

Gestakennarar frá öðrum löndum hafa verið við störf í skólanum undanfarin ár en í vetur var enginn gestakennari en úr því verður bætt á næsta ári.

Kennd er listasaga og myndlist við skólann og starfandi er kór sem var fjölmennur í vetur að venju. Á Herranótt tóku margir nemendur þátt í að setja á svið rokksöngleikinn Vorið Vaknar eftir Duncan Shaek og Steven Sater. Þetta var 170. sýning Herranætur. Til starfa tók nýtt leikfélag sem ber nafnið Frúarnótt og settu nemendur upp leikritið Leg eftir Huggleik Dagson.

Í vetur fóru nemendur og kennarar á sinfóníutónleika í Hörpu og boðið var upp á fjölmargar leikhúsferðir fyrir nemendur og kennara. Haldnar eru tvær árshátíðir skólafélaganna. Fyrir árshátíð Skólafélagsins eru matstofur nemenda skreyttar hátt og lágt af nemendum sjálfum eftir ákveðnu þema hverju sinni.

Gamlar hefðir voru á sínum stað í vetur, meðal annars voru nýnemar tolleraðir í byrjun september og haldið ball um kvöldið. Dimission var á sínum stað um vorið.

Vettvangsferðir skipa stóran sess í vetrarstarfinu, t.d. árleg Esjuganga nemenda og kennara og aðrar sameiginlegar gönguferðir. Nemendur fóru í jarðfræði og lífsleikni ferð um Suðurland, sem endaði í Selinu þar sem nemendur unnu ýmis verkefni í tengslum við ferðina.

Nemendur láta sig líðan samborgara sinna varða. Sem dæmi má nefna að skólafélagið Framtíðin stóð fyrir árlegri góðgerðarvikarviku og rennur ágóðinn til líknarfélaga. Sérstök átaksvika var helguð Amnesty international og ein vika var helguð jafnrétti og stóð nýstofnað jafnréttisfélag nemenda fyrir henni.

Árlega er tekin saman skýrsla af rektor um þá fjölmörgu menningarlegu viðburði sem fram fara í og utan skólans fyrir nemendur MR á hverju skólaári.

2.2.7 Umbótaáætlun

Í viðhorfshluta kennslukönnunar sem fjallar einkum um kennslustundir og heimanám, kemur fram að flest atriðin sem spurt er um hafa fengið jákvætt mat nemenda, svipað eða jákvæðara mat en fyrir ári síðan og einnig fengu kennarar góða einkunn frá nemendum en meðaltal einkunna var **8,18**.

Það kemur þó í ljós umbóta er þörf í tveimur atriðum.

1. a) 65% telja kennara skrá mjög oft eða frekar oft skyndipróf og stærri verkefni á Korkinn á Námsnetinu en 18% telja að það takist í meðallagi.

b) 39% telja kennara birta mjög oft eða frekar oft einkunnir á Námsnetinu en 21% telja að það sé í meðallagi.

Svipaðar niðurstöður komu fram á fyrra ári og svo virðist að lítið hafi breyst. Á síðasta ári var markvisst reyna að bæta þetta. Haldinn var fundur með deildarstjórum allra deilda og sendur póstur til áminningar. Skólaárið 2015-2016 verður þetta atriði aftur tekið til sérstakrar athugunar og verða kennarar óspart hvattir til að birta einkunnir nemenda sinna á Námsnetinu.

(Sjá aðgerðaáætlun hér síðar.)

2. Varðandi könnun um afstöðu nemenda til stjórnar skólans og þjónustusviðs í kennslukönnun kemur fram að svör um og yfir 90% nemenda eru mjög jákvæð, frekar jákvæð eða í meðallagi gagnvart þeim atriðum sem spurt er um og er það samkvæmt viðmiði sem var 90%.

3. Í viðhorfskönnun starfsfólks: Starfsfólk, líðan, þarfir og starfsandi, sést að 100% kennara Menntaskólans í Reykjavík eru ánægð með bekkjarkerfið og yfir 90% eru í góðu sambandi við samstarfsmenn innan sinna deilda og nemendur. Þeir eru sáttir við fyrirkomulag vinnutíma og eru almennt ánægðir í starfi. Þrjú atriði sem spurt er um koma ekki eins vel út.

Niðurstöður þessar eru svipaðar og árið 2014.

Eins og í fyrri könnun eru ekki jafn margir sammála þegar kemur að mótun framfara, þátttöku við gerð skólanámskrár og félagslífi, þá koma fram tölur frá 57,1% – 78,6% (Spurningar 4,5 og 6).

Rétt rúmlega helmingur kennara, eða 53,5% telur álag í starfi hæfilegt en 46,5% telja það vera of mikið (spurning 8).

Viðmið var 90% og náðist ekki í þessum fjórum liðum.

a) 65% kennara eru ánægð með tækifæri til mótunar framfara (spurning 4).

b) 57,1% kennara finnast þeir vera hvattir til þátttöku við gerð skólanámskrár (spurning 5)

c) 78,6% kennara taka þátt í félagslífi (spurning 6) Gott félagslíf er afar mikilvægur þáttur á vinnustöðum og var afstaða starfsfólks til félagslífs innan skólans tekin til athugunar af skemmtinefnd á síðasta ári og skýrslu skilað til gæðastjóra.

d) Rétt rúmlega helmingur kennara, eða 53,5% telur álag í starfi hæfilegt en 46,5% telja það vera of mikið. Þarna kemur fram allmikill munur á viðhorfi til álags og verður það rannsakað nánar skólaárið 2015-2016 þegar ráðgert er að leggja sérstaka könnun fyrir um álag í starfi.

Hér má bæta um betur og verður það tekið til athugunar næsta ár (sjá aðgerðaáætlun 2015-2016).

Aðgerðaráætlun frá 2014-15:

Atriði sem þarf að laga.	Ábyrgð.	Hvenær?	Hvernig?	Hvernig tókst til?
1. Kennarar setji einkunnir á Námsnetið	Gæðanefndin	Haust 2014	Senda póst á alla kennara að hausti og í byrjun vors.	Var gert en skilaði ekki árangri.
2. Kennarar færi prófa- og skiladaga verkefna inn á Námsnetið	Gæðanefndin	Haust 2014	Senda póst á alla kennara að hausti og í byrjun vors	Var gert en skilaði ekki árangri.
3. Áreiðanleiki kannana	Gæðanefndin	Haust og vor 2014-2015	Athuga að allar kannanir séu í lagi, að spurningar og möguleg svör passi saman.	Var gert og tókst vel.
4. Mótun framfara, þátttaka við gerð skólanámskrár	Gæðanefndin	Haust 2014	Mynda rýnihópa sem skila skýrslu vor 2015	Var ekki gert.
5. Félagslíf	Gæðanefndin	Haust 2014	Ræða við skemmtinefnd sem skilar skýrslu vor 2015	Var gert.
6. Álag í starfi	Gæðanefndin	Haust 2015	Rýnihópar. Niðurstöður könnunar 2014-15 greindar og tillögur til úrbóta settar fram 2015-2016	Verður gert í október 2015.

Aðgerðaráætlun 2015-16:

Atriði sem þarf að laga.	Ábyrgð.	Hvenær?	Hvernig?
1. Kennarar setji einkunnir á Námsnetið	Gæðanefndin	Haust 2015	Halda fund með fagstjórum allra deilda og senda póst á alla kennara að hausti og í byrjun vors.
2. Kennarar færi prófa- og skiladaga verkefna inn á Námsnetið	Gæðanefndin	Haust 2015	Halda fund með fagstjórum allra deilda og senda póst á alla kennara að hausti og í byrjun vors.
3. Mótun framfara, þátttaka við gerð skólanámskrár	Gæðanefndin	Haust 2015	Mynda rýnihóp sem skilar skýrslu vor 2016
4. Álag í starfi	Gæðanefndin	Haust 2015	Rýnihópar. Niðurstöður könnunar 2014-15 greindar. Sérstök könnun lögð fyrir um þetta efni og tillögur til úrbóta settar fram 2016.

2.3 Annað

Starfsmannahandbók MR var yfirfarin og prentuð óbreytt þetta ár. Áfram var haldið með gerð nýrrar skólanámskrár sem tekur gildi haust 2015.

3. Lokaorð

Í samræmi við lög um framhaldsskóla ber hverjum skóla að meta skólastarfið með skipulögðum og markvissum hætti. Skólaárið 2014-2015 voru gerðar ýmsar rannsóknir á skólastarfinu í Menntaskólanum í Reykjavík. Þeim hefur verið gerð skil í þessari skýrslu. Matið hefur verið formlegt. Byrjað var á að setja niður rýnihópa haustið 2014 og tekin ákvörðun um viðfangsefni sjálfsmats fyrir skólaárið með áherslu á rammaáætlun sem gerð hefur verið til fimm ára í senn (sjá sjálfsmatsáætlun). Skipaðir voru starfshópar sem settu fram spurningar fyrir kennslukönnun og viðhorfskönnun til starfsfólks. Fagstjórar voru beðnir um að leggja fyrir starfendakannanir og árið 2014-15 var framkvæmd könnun nemenda 5.AB og tölfraeðikennara þeirra á ýmsum atriðum sem snerta innra starf skólans. Allar kannanir voru lagðar fyrir í þeim tilgangi að auka gæði náms, kennslu og stuðla að umbótum á ýmsum sviðum skólastarfsins.

Menntaskólinn í Reykjavík kappkostar að undirbúa nemendur fyrir þátttöku í lýðræðislegu samfélagi, efla þroska þeirra og gagnrýna hugsun, umburðarlyndi og víðsýni. Skólinn er bóknámsskóli og því er lögð áhersla á að nemendur séu hæfir til að takast á við háskólanám hvort heldur er innan lands eða utan að loknu stúdentsprófi.